

Ed.

243. Frumvarp til laga

[146. mál]

um breyting á lögum nr. 78 28. apríl 1962, um lífeyrissjóð togarasjóðmanna og undirmanna á farskipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969—70.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Sjóðurinn nefnist Lífeyrissjóður sjómanna og starfar með því skipulagi og markmiði, sem segir í lögum þessum. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Sjóðfélagar eru allir þeir, sem lögskráðir eru á íslenska togara, íslensk farskip, sem notuð eru til farþegaflutninga eða vöruflutninga, og á íslensk varðskip, nema yfirmenn á farskipum, sem tryggðir skulu í lífeyrissjóðum, sem skipafélögin eru aðilar að. Yfirmenn strandferðaskipa ríkissjóðs og varðskipanna skulu tryggðir í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Heimilt er þó útgerð farskipa að tryggja yfirmönnum lífeyrissjóðsréttindi í sjóði þessum, ef samkomulag næst um það við stéttarfélag yfirmanna.

Sjóðfélagar eru enn fremur þeir sjómenn og beitingamenn, sem lögskráðir eru á íslensk vélskip, 12 lesta eða stærri, er stunda veiðar með línu, netum, botnvörpu, dragnót, humarvörpu, þorskveiðar með hringnót, lúðuveiðar með línu, síld- og loðnuveiðar, svo og aðrar veiðar, ef í samningum milli félaga sjómanna og útvegs- manna eru ákvæði um lífeyrissjóðsréttindi frá 1. janúar 1970 eða síðar. Sama gildir, ef slík skip eru notuð til flutninga innanlands, flutninga á ísvörðum fiski eða verið er að flytja þau milli landa eða milli staða innanlands. Undanþágu frá þátttöku samkvæmt þessari málsgrein skal þó veita fyrstu 4 mánuðina, sem viðkomandi starfsmaður er hjá sömu útgerð, enda leggi hann fyrir skráningarstjóra skriflega beiðni um slíka undanþágu og eigi ekki réttindi í sjóðnum vegna fyrra tímabils. Þá er ráðherra heimilt að ákveða, að sjómenn, sem þessi málsgrein tekur til og lögskráðir eru í tilteknum byggðarlögum eða landshlutum, skuli vera utan við sjóðinn, enda komi fram um það eindregnar óskir frá félögum sjómanna og útvegs- manna á þeim stöðum og forsvaranlega sé frá lífeyrissjóðsmálum hlutaðeigandi manna gengið að dómi ráðherra.

Sjóðfélögum samkvæmt 2. málgr., sem hætta störfum á sjó, skal heimil áframhaldandi þátttaka, ef þeir hefja störf í landi við útgerð. Stjórn sjóðsins setur reglur um iðgjaldagreiðslur í slíkum tilvikum.

Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa félögum og samböndum, sem standa að samningum um kaup og kjör sjómanna, er aðild eiga að sjóðnum, að tryggja starfsmenn sína í sjóði þessum. Sömu leiðis er stjórn sjóðsins heimilt að leyfa útgerð farskipa, varðskipa og togara að tryggja skipverja sína, þótt þeir séu eigi lögskráðir, ef þeir starfa við skip hennar, sem er í viðgerð, flokkunarviðgerð, eða að öðrum störfum í þágu útgerðar.

Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa sjómönnum, sem stunda nám í sjómannafræðum, slasast eða veikjast, að kaupa sér réttindi í sjóðnum þann tíma, sem úr hefur fallið af þessum sökum, og ákveður stjórn sjóðsins iðgjald. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að ákveða iðgjald, er samsvari meðaltekjum togarasjóðmanna, ef togari tekur upp um skamman tíma aðrar veiðar en togveiðar.

3. gr.

Í 4. gr. laganna komi „sjóðfélagar“ í stað „farmenn og togarasjóðmenn“, og enn fremur komi „lögum nr. 40/1963“ í stað „lögum nr. 24/1956“.

4. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Í stjórn sjóðsins eiga sæti 7 menn tilnefndir af: Hæstarétti, og er hann formaður stjórnarinnar, Alþýðusambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda, Landssambandi íslenzkra útvegsmanna og Vinnuveitendasambandi Íslands. Sömu aðilar skipa hver um sig einn varamann í stjórnina.

Skipunar- og kjörtími stjórnarmanna er þrjú ár.

5. gr.

Í 2. mgr. 8. gr. laganna komi „lögum nr. 19/1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins“ í stað „lögum nr. 42/1956, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins o. fl.“

6. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Iðgjöld til sjóðsins skulu nema 10% af launum, og greiðir sjóðfélagi 4%, en launagreiðandi 6%.

Iðgjöld vegna sjóðfélaga samkvæmt 1. málgr. 3. gr. skulu reiknast af heildarlaunum, er sjóðfélaginn tekur hjá hlutaðeigandi launagreiðanda. Skulu launagreiðendur halda iðgjöldum sjóðfélaga eftir af launum þeirra og greiða þau ásamt sínum iðgjaldahluta beint til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

Iðgjöld vegna sjóðfélaga samkvæmt 2. málgr. 3. gr. skulu á árinu 1970 miðast við eftirfarandi mánaðarlaun:

Fyrir skipstjóra	kr. 20 000.00
Fyrir 1. stýrimann og 1. vélstjóra	— 18 000.00
Fyrir 2. stýrimann, 2. og 3. vélstjóra, netamann og matsvein	— 16 000.00
Fyrir háseta	— 14 000.00

Fjárhæðir þessar skulu síðan ákveðnar í desembermánuði ár hvert fyrir fram fyrir eitt ár í senn og breytast í sama hlutfalli og kauptrygging háseta hefur hækkað frá árslokum 1969, þó þannig, að jafnan séu fjárhæðirnar reiknaðar í heilum tugum króna.

Iðgjöldum sjóðfélaga samkvæmt næstu málsgrein hér á undan skulu launagreiðendur halda eftir af launum og greiða þau ásamt sínum iðgjaldahluta til lögskráningarstjóra innan 30 daga frá lokum hvers kauptryggingartímabils. Sé um vanskil að ræða af hálfu útgerðar samkvæmt þessu ákvæði, skal lögskráningarstjóri ekki skrá á hlutaðeigandi skip. Um skil lögskráningarstjóra við sjóðinn fer eftir ákvörðun sjóðstjórnar.

Sjóðurinn greiðir lögskráningarstjórum innheimtulaun af iðgjöldum, er þeir innheimta, svo sem um innheimtu fyrir ríkissjóð væri að ræða.

Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipi og ganga fyrir öllum öðrum veðum.

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 30 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður, svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.

7. gr.

3. málgr. 13. gr. laganna orðist svo:

Það telst eitt starfsár samkvæmt grein þessari, hafi sjóðfélagi verið iðgjalds-skyldur til sjóðsins sem lögskráður sjómaður í 9 mánuði eða lengur á sama almanaksári.

8. gr.

6. málgr. 14. gr. laganna orðist svo:

Sömu leiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvita frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda

verði aukning örorkunnar ekki rakin til annarra starfa en þeirra, sem aðild sjóðfélagans að sjóðnum er tengd.

9. gr.

Í 1. málsg. 18. gr. laganna komi „lífeyrissjóði sjómanna“ í stað „lífeyrissjóði togarasjómanna og undirmanna á farskipum“.

Í 2. málsg. 18. gr. komi „íslenzku skipi“ í stað „farskipi eða togara“.

10. gr.

Í 1. málsg. 19. gr. laganna komi „lífeyrissjóði sjómanna“ í stað „lífeyrissjóði togarasjómanna og undirmanna á farskipum“.

11. gr.

Í 1. málsg. 20. gr. laganna komi „lífeyrissjóði sjómanna“ í stað „lífeyrissjóði togarasjómanna og undirmanna á farskipum“.

12. gr.

23. gr. laganna orðist svo:

Lífeyrissjóður sjómanna skal taka við öllum eignum lífeyrissjóðs togarasjómanna og undirmanna á farskipum, eins og þær eru við gildistöku laga þessara. Jafnframt verði allir sjóðfélagar lífeyrissjóðs togarasjómanna og undirmanna á farskipum félagar í lífeyrissjóði sjómanna, og skulu réttindi þeirra í sjóðnum m. a. miðuð við iðgjöld þau, er þeir höfðu til hans greitt.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1970. Jafnframt eru úr gildi númer lög nr. 35 29. apríl 1967, um breyting á lögum nr. 78 28. apríl 1962, um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 78/1962 og gefa þau út með fyrirsögninni: Lög um lífeyrissjóð sjómanna.

Ákvæði til bráðabirgða.

Bráðabirgðaákvæði laganna orðist svo:

1. Skyld er sjóðnum að veita viðtöku iðgjöldum, sem haldið hefur verið eftir vegna skipverja á farskipum, frá 1. janúar 1959, svo og hluta útgerðarmanns, og veita þeim réttindi sjóðfélaga í samræmi við það.
2. Skipverji á togara eða undirmaður á farskipi, sem hinn 12. júní 1958 var orðinn eldri en 55 ára, skal við 65 ára aldur eiga rétt til lífeyris og annarra bóta og réttinda, eins og sá, sem greitt hefur til sjóðsins í 10 ár og náð hefur 65 ára aldri. Haldi hann áfram iðgjaldagreiðslu eftir að hafa náð þeim aldri, fær hann aukin réttindi samkvæmt ákvæðum laganna.

Sá, sem hinn 12. júní 1958 var orðinn 65 ára, var enn á togara eða undirmaður á farskipi og hafði verið það minnst 10 ár, skal eiga réttindi í sjóðnum þannig miðað við framangreindan tíma, að sá, sem var 65 ára, fær rétt eins og sá, sem greitt hefur í 10 ár, 66 ára eins og sá, sem greitt hefur í 11 ár, 67 ára í 12 ár o. s. frv. Haldi hann áfram iðgjaldagreiðslu, fær hann aukin réttindi, eins og að framan greinir. Starfsár á farskipi eða togara telst í þessu tilfelli það sama og ákveðið er í 13. gr. laganna.

Ákvæði 1. og 2. málsg. þessa tölulíðar skulu einnig gilda um sjóðfélaga samkvæmt 2. málsg. 3. gr. með þeirri breytingu, að í stað 12. júní 1958 komi 31. desember 1969 eða annað það tímamark síðar, sem aðild að sjóðnum er miðuð við í hlutaðeigandi starfsgrein.

Ríkissjóður endurgreiði sjóðnum árlega þann kostnað, sem af þessu bráðabirgðaákvæði leiðir. Sama gildir um þann kostnað, sem lífeyrissjóðir þeir, sem tryggja yfirmenn farskipa, verða að greiða vegna sömu reglna og hér um ræðir.

3. Vegna sjóðfélaga samkvæmt 2. málsg. 3. gr. skal ekki greiða full iðgjöld, sbr. 1. og 3. málsg. 11. gr., fyrr en frá 1. janúar 1972. Skal á árinu 1970 greiða 40% fullra iðgjalda og á árinu 1971 80% fullra iðgjalda, og skal réttindatími þessi tvö ár reiknast hlutfallslega skemmri, sem þessu nemur.
4. Við gildistöku laga þessara fellur niður umboð þeirra stjórnarmanna, sem þá eru í stjórn sjóðsins, og varamanna þeirra. Skal ný stjórn skipuð frá sama tíma samkvæmt ákvæðum 5. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

A. Almennar athugasemdir.

Hinn 18. september 1969 skipaði Eggert G. Þorsteinsson, félagsmálaráðherra, nefnd til þess að semja lagafrumvarp, er lyti að aðild bátasjómannna að lífeyrissjóði með tilliti til samkomulags útvegsmanna og bátasjómannna við lausn kjara-deilu þessara aðila 11. febrúar s. l. Í nefndinni áttu sæti:

Einar Árnason, lögfræðingur, tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna.

Gunnar I. Hafsteinsson, héraðsdómslögmaður, tilnefndur af stjórn Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Ingeimær Einarsson, lögfræðingur, tilnefndur af fulltrúum togaraeigenda í stjórn L.Í.Ú.

Ingólfur Ingólfsson, framkvæmdastjóri Vélstjóraráðs Íslands, tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

Tryggvi Helgason, tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands.

Guðjón Hansen, tryggingafræðingur, skipaður án tilnefningar, og var hann jafnframt skipaður formaður nefndarinnar.

Einar Árnason hefur verið ritari nefndarinnar.

Samkvæmt áður nefndu samkomulagi útvegsmanna og bátasjómannna hétu samningsaðilar að heita sér fyrir því á árinu 1969, að bátasjómönnunum yrði með lögum tryggð aðild að Lífeyrissjóði togarasjómannna og undirmanna á farskipum, en ella skyldi stofnaður sérstakur lífeyrissjóður bátasjómannna.

Nefndin hefur orðið sammála um að mæla með því, að bátasjómenn fái aðild að Lífeyrissjóði togarasjómannna og undirmanna á farskipum, svo sem fram kemur í meðfylgjandi lagafrumvarpi. Taldi hún rétt að einskorða tillögur sínar við þau ákvæði, sem eru í beinu sambandi við þessa niðurstöðu, enda er enn ekki lokið þeirri endurskoðun núgildandi laga um lífeyrissjóðinn, sem félagsmálaráðuneytið hefur með skírskotun til þingsályktunar Alþingis frá 17. apríl 1968 falið Guðjóni Hansen, tryggingafræðingi, að annast í samráði og samstarfi við hlutaðeigandi samtök og sjóðstjórn. Vegna óvissu um aðild bátasjómannna hefur lítið verið að þessari endurskoðun unnið á yfirstandandi ári, en væntanlega verður henni hraðað, þegar leyst hefur verið það verkefni, sem nefndinni er falið.

Nokkurrar óánægju, sem m. a. hefur komið fram í dagblöðum, hefur orðið vart meðal núverandi sjóðfélaga Lífeyrissjóðs togarasjómannna og undirmanna á farskipum með þá hugmynd að veita bátasjómönnunum aðild að sjóðnum. Af því til efni hafa fulltrúar Sjómannasambands Íslands í nefndinni lýst því yfir, að þeir teldu það yfir allan vafa hafið, að a. m. k. undirmenn á togurum væru því samþykkir, að bátasjómenn fengju aðild að sjóðnum. Þá telur fulltrúi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, að ekki sé ástæða til að ætla, að yfirmenn á togurum séu andvígir aðild bátasjómannna. Með tilliti til þessarar afstöðu fulltrúa sjómannna og þess vilja, sem fram kemur í áður nefndu samkomulagi útvegsmanna og bátasjómannna, hafa nefndarmenn orðið sammála um, að veita beri bátasjómönnunum aðild, og benda jafnframt á eftirtalin rök þessu til stuðnings:

1. Mikil úrganga hefur átt sér stað úr Lífeyrissjóði togarasjómannna og undirmanna á farskipum á undanförunum árum með þeim afleiðingum, að sjóðurinn

hefur styrkt mjög vegna iðgjalda vinnuveitenda, sem orðið hafa eftir í honum, og er því færari en ella um að standa við skuldbindingar sínar. Ógerlegt er þó að fullyrða um, hver áhrif aðild bátasjómannanna hefur að þessu leyti, þegar fram í sækir, og óhjákvæmilega verður að því nokkurt öryggi fyrir sjóðinn og sjóðfélaga, að hann sé ekki um of háður þróun einnar tegundar fiskveiða.

2. Er samdráttur hefur orðið í útgerð togara, hafa margir fyrrverandi togarasjómenn snúið sér að sjómennsku á bátum og afsalað sér þeim lífeyrissjóðsréttindum, er þeir höfðu aflað sér. Meðal bátasjómannanna nú eru því margir, sem þátt hafa átt í að efla Lífeyrissjóð togarasjómannanna og undirmanna á farskipum, og telja fulltrúar sjómanna í nefndinni eðlilegt, að sjómannastéttin í heild njóti góðs af hagnaði sjóðsins af úrgöngu á undanförunum árum.
3. Í sambandi við þá stórkostlegu fjölgun sjóðfélaga í lífeyrissjóðum, sem á sér stað um næstkomandi áramót, er það mikilvægt, að sjóðum fjölgi ekki meira en nauðsyn krefur, og á þetta einkum við í skyldum starfsgreinum, þar sem flutningar milli sjóða yrðu væntanlega tíðir.
4. Upphaflega var Lífeyrissjóður togarasjómannanna og undirmanna á farskipum einungis ætlaður togarasjóðmönnum, en árið 1962 fengu farmenn aðild að honum, og er aðild bátasjómannanna nú, er samið hefur verið um lífeyrisréttindi þeim til handa, því framhald á sömu stefnu.

Nefndinni var ljóst, að í einstökum verstöðvum mundi vera áhugi á sérsjóði fyrir hlutaðeigandi byggðarlag eða landshluta. Hefur þetta komið berlega fram í Vestmannaeyjum, en fulltrúar útvegsmanna og sjómanna þaðan gengu á fund nefndarinnar 28. október og lýstu afdráttarlaust yfir, að þeir sættu sig ekki við annað en sérsjóð fyrir Vestmannaeyjar, og mundi verkafólk í landi og atvinnurekendur eiga þess kost að vera í þeim sjóði, sem þar yrði stofnaður fyrir bátasjómenn. Lögðu þeir fram á fundinum svo hljóðandi yfirlýsingu:

„Að gefnu tilefni vilja undirrituð félagasamtök lýsa yfir, að við samþykkt á kjarasamningum sjómanna frá 11. febrúar 1969 voru þeir samþykktir í félögum vorum með því skilyrði, gagnvart samkomulagi um lífeyrissjóð bátasjómannanna, að félögin í sameiningu beittu sér fyrir stofnun lífeyrissjóðs bátasjómannanna í Vestmannaeyjum og hann staðsettur þar. Allt frá byrjun hafa félögin unnið að málinu í samráði við hr. Þóri Bergsson, tryggingafræðing, og er nú svo komið, að félögin munu á næstunni leita eftir staðfestingu á reglum um slíkan sjóð, staðsettan í Vestmannaeyjum.

Algjör einhugur er ríkjandi hjá meðlimum félaganna í máli þessu og óhugsandi, að þeir samþykki eða staðfesti frumvarp og reglugerð, er feli í sér, að bátasjóðmönnum í Vestmannaeyjum verði gert að skyldu að vera í Lífeyrissjóði togarasjómannanna og undirmanna á farskipum, eða öðrum sameiginlegum lífeyrissjóði bátasjómannanna.

Virðingarfyllt,

Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi. Sjómannafélagið Jötunn.
Vélstjórafélag Vestmannaeyja. Útvegsbændafélag Vestmannaeyja.“

Gegn sérsjóðum fyrir einstaka staði mæla að nokkru leyti sömu rök og þau, sem hér hafa verið tilgreind gegn sérsjóði fyrir bátasjómenn. Fyrir öryggi lífeyrissjóðs og sjóðfélaga er ekki síður mikilvægt, að hann sé ekki um of háður atvinnuþróun eins byggðarlags, en að hann styðjist við meira en eina tegund fiskveiða. Fjöldi sjóða getur líka orðið margfalt meiri, ef landfræðileg skipting á sér stað, en þótt hver höfuðgrein hefði sinn sjóð. Verður þá hættara við en ella, að réttindi fari forgörðum vegna þess, að menn hirði ekki um að flytja þau milli sjóða, þegar þeir um tíma hafa verið lögskráðir utan heimabyggðar sinnar, heldur fái iðgjöld sín endurgreidd. Við þetta bætist, að sú sérstaka áhætta, sem sjómannsstarfinu fylgir, getur kippt stoðum undan fámönnum sjóði. Loks má geta þess, að á sjó-

mannaráðstefnu, sem haldin var að tilhlutan Sjómannasambands Íslands 11. og 12. október 1969, var samþykkt ályktun þess efnis, að rétt sé og nauðsynlegt, að allir íslenskir sjómenn verði í einum sameiginlegum lífeyrissjóði og beri þannig allir sameiginlega áhættuna af hinu hættusama starfi, sem sjómennskan er, á hvers konar skipi sem starfað er og hvar sem er við landið.

Með skírskotun til ofanritaðs er það einróma álit nefndarinnar, að æskilegast sé, að bátasjómenn verði allir í einum og sama sjóði, hvar sem þeir starfa við landið. Meirihluti nefndarinnar, þeir Einar Árnason, Guðjón Hansen, Gunnar I. Hafsteinson og Ingimar Einarsson, telur hins vegar ekki rétt, að um þetta gildi ófrávikjanleg lagaákvæði þvert gegn vilja allra hlutaðeigandi aðila í heilum byggðarlögum eða landshlutum, og leggur því til, að í 3. gr. laganna komi ákvæði þess efnis, að ráðherra hafi heimild til að ákveða, að bátasjómenn á einstökum stöðum verði utan við sjóðinn, enda komi fram um það eindregnar óskir frá félögum sjómanna og útvegsmanna á þeim stöðum og forsvaranlega sé gengið frá lífeyrissjóðsmálum þar. Minnihluti nefndarinnar, þeir Ingólfur Ingólfsson, Jón Sigurðsson og Tryggvi Helgason, telur hins vegar rétt, að allir sjómenn séu í einum og sama lífeyrissjóði.

Í samkomulaginu frá 11. febrúar er svo hljóðandi ákvæði: „Lausafé hins væntanlega sjóðs skal að ákveðnum hluta ávaxtað í bönkum og/eða sparissjóðum í heimabyggð sjómanna og útvegsmanna, sem í sjóðinn greiða“. Í 3. málsg. 8. gr. laga um lífeyrissjóð togarasjómanna er hliðstætt ákvæði, svo hljóðandi: „Fé sjóðsins, sem ekki er ráðstafað í föstum lánnum eða verðbréfum, skal ávaxtað eftir því, sem við verður komið, í tryggum lánastofnunum á þeim stöðum, þar sem fé sjóðsins fellur til“. Nefndin telur ekki ástæðu til að gera tillögur um breytingu á ákvæði þessu, en þar sem sennilegt er, að það séu lána- og ávöxtunarsjónarmið, sem valda tilhneigingu til stofnunar sérsjóða í einstökum byggðarlögum, er eðlilegt, að ákvæðið verði tekið til endurskoðunar í sambandi við heildarendurskoðun laganna.

Í nefnd, sem skipuð var árið 1959 til þess að undirbúa löggjöf um lífeyrissjóð bátasjómanna og farmanna, varð ágreiningur um, hvort bátasjómenn skyldu vera í sérstakri deild, en togarasjómenn og farmenn í annarri. Gerði meirihlutinn tillögur um deildaskiptingu, en minnihlutinn vildi hafa óskiptan sjóð.

Síðan hafa aðstæður breytt að því leyti, að gera má ráð fyrir, að frá næstkomandi áramótum verði sjómenn yfirleitt í lífeyrissjóði, hvort sem þeir stunda sjómennsku allt árið eða vinna að hluta í landi. Enn fremur kynnu að verða gerðar slíkar breytingar á bótaákvæðum við heildarendurskoðunina, að brott væru fallin helztu rökkin fyrir deildaskiptingu. Af þessum sökum er nefndin sammála um, að á þessu stigi a. m. k. sé ekki rétt að gera ráð fyrir deildaskiptingu.

Í framangreindri ályktun sjómannaráðstefnunnar kemur fram krafa um, að sjóðfélagar öðlist rétt til ellilífeyris við 60 ára aldur, en nú er aldursmarkið 65 ár. Hlýtur þetta atriði að koma til athugunar við heildarendurskoðun laganna, enda mun stjórn lífeyrissjóðsins hafa fengið í hendur samþykktir sama efnis frá allmörgum skipshöfnum.

B. Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Er bátasjómenn hafa fengið aðild að sjóðnum, verður þorri sjómanna innan vébanda hans, en á hinn bóginn verður það einungis í undantekningartilvikum, að aðrir en sjómenn verði sjóðfélagar. Þykir nefndinni því eðlilegt, að nafn sjóðsins verði framvegis Lífeyrissjóður sjómanna.

Um 2. gr.

Ákvæði 2. og 3. málsgreinar eru í samræmi við samkomulagið frá 11. febrúar með þeirri viðbót, að gert er ráð fyrir þeim möguleika, að samningar verði gerðir um lífeyrissjóðsréttindi við aðrar tegundir veiða en þær, sem samkomulagið tekur til, og eru það einkum rækjuveiðar, sem þar eru hafðar í huga. Um heimild ráðherra

til að veita undanþágu frá aðild að sjóðnum skírskotast til þess, sem fram er tekið í almennum athugasemdum hér að framan.

Í 4. og 5. málsgrein eru tekin upp ákvæði laga nr. 35 1967 með þeirri breytingu, að í 4. málsgr. er heimild til að veita félögum og samtökum vinnuveitenda sams konar rétt og sjómannafélög hafa til að tryggja starfsmenn sína í sjóðnum.

Það er álit nefndarinnar, að við heildarendurskoðun laganna beri að athuga, hvort ekki sé unnt að stytta til muna ákvæði 3. greinar með því að fella niður þá upptalningu, sem felst í 2. málsgr. og tryggja á, að ekki sé farið út fyrir ramma samkomulagsins frá 11. febrúar.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Í samkomulaginu frá 11. febrúar er kveðið svo á, að samningsaðilar skuli fá aðild að stjórn Lífeyrissjóðs togarasjóðsmanna og undirmanna á farskipum í hlutfalli við hlutdeild iðgjaldagreiðslna bátasjóðsmanna og útvegsmanna til sjóðsins.

Í Lífeyrissjóði togarasjóðsmanna var upphaflega þriggja manna stjórn, en er undirmenn á farskipum fengu aðild að honum, var stjórnarmönnum fjölgað í sjó. Er nefndin sammála um, að óæskilegt sé að hafa fjölmennari stjórn, enda gæti þurft að fjölga stjórnarmönnum verulega og hafa skiptingu þeirra breytilega, ef tryggja ætti nokkurn veginn rétt hlutföll.

Samkvæmt nügildandi lögum eru þrjár fulltrúar launþega í stjórninni, tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Sjómannasambandi Íslands, en þrjár fulltrúar vinnuveitenda eru tilnefndir af Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda, Vinnuveitendasambandi Íslands og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna.

Meirihluti nefndarinnar, þeir Gunnar I. Hafsteinsson, Ingimar Einarsson, Jón Sigurðsson og Tryggvi Helgason, leggur til, að í stað fulltrúa Vinnumálasambands samvinnufélaganna komi fulltrúi frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna í stjórn sjóðsins. Vill meirihlutinn benda á í þessu sambandi, að stjórnir hinna ýmsu fjölmennustu lífeyrissjóða eru yfirleitt skipaðar 3—5 mönnum, sbr. stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, en í henni eiga sæti 3 menn, og stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, en í henni eiga sæti 5 menn. Jafnframt bendir meirihlutinn á, að í samningum um lífeyrissjóði verkafólks, sem gerðir voru á þessu ári, er gert ráð fyrir, að stjórnir þeirra verði skipaðar 4 mönnum.

Minnihluti nefndarinnar, þeir Einar Árnason, Guðjón Hansen og Ingólfur Ingólfsson, leggur til, að tveimur fulltrúum verði bætt við í stjórn sjóðsins, öðrum frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, en hinum frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Bendir minnihlutinn á, að sú hugmynd hafi komið fram í nefndinni, að Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna tilnefndu sameiginlega einn fulltrúa, svo að ekki þyrfti að fjölga í stjórninni. Hvorugt þessara samtaka gat hins vegar fallið á þá breytingu, og telur minnihlutinn það að svo búnu máli tæpast vera í verkahring nefndarinnar að fækka fulltrúum þeirra samtaka, sem nú eiga aðild að sjóðnum.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Ákvæði 3. málsgr. um iðgjöld vegna bátasjóðsmanna eru í samræmi við ákvæði samkomulagsins frá 11. febrúar um iðgjaldagreiðslur. Sérákvæði samkomulagsins um iðgjöld 1970 og 1971 er hins vegar tekið inn í bráðabirgðaákvæði frumvarpsins.

Vafalaust getur innheimta iðgjalda vegna bátasjóðsmanna reynzt erfið, ef ekki verða gerðar sérstakar ráðstafanir til að auðvelda hana, og er ástæðan hinn mikli fjöldi fyrirtækja, sem standa á skil á iðgjöldum. Leggur nefndin því til, að lögskráningarstjórum verði falið þessi innheimta.

Gert er ráð fyrir, að núgildandi ákvæði um, að iðgjaldagreiðslur skuli falla niður eftir 30 ára iðgjaldagreiðslutíma, gildi einnig um iðgjöld vegna bátasjómannanna, þótt ekki sé á slíka takmörkun minnzt í samkomulaginu. Breyting á þessu ákvæði gæti að sjálfsögðu komið til greina í sambandi við heildarendurskoðun laganna.

Um 7. gr.

Í tillögum lífeyrissjóðsnefndarinnar frá 1959 var gert ráð fyrir, að það teldist heilt starfsár hjá bátasjómanni, þótt hann væri lögskráður mun skemur en þá 9 mánuði á almanaksári, sem nú er krafizt af togarasjómönnum og farmönnum. Síðan hafa aðstæður breytzt, m. a. vegna samninganna frá 19. maí um lífeyrisréttindi verkafólks í landi, og þykir því ekki ástæða til að gera tillögu um sérreglu fyrir bátasjómenn, sbr. enn fremur það, sem sagt er í almennum athugasemdum hér að framan um deildaskiptingu sjóðsins.

Um 8.—10. gr.

Þessar greinar þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir, að nafni sjóðsins verði breytt alls staðar, þar sem það kemur fyrir í lögnum frá 1962. Undantekning frá þessu er þó 2. málsg. 20. gr., enda er þar um að ræða ákvæði, sem bundið var við gildistöku þeirra laga og hefði fremur átt heima í bráðabirgðaákvæðum.

Um 12. og 13. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Um bráðabirgðaákvæði.

Samkvæmt núgildandi bráðabirgðaákvæði öðlast togarasjómenn og farmenn, sem eldri voru en 55 ára 12. júní 1958, réttindi umfram þau, sem þeim eru veitt samkvæmt almennum bótaákvæðum laganna. Ríkissjóður endurgreiðir lífeyrissjóðnum þann kostnað, er af þessu leiðir, og nam kostnaðurinn 399 þús. kr. árið 1968. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að bátasjómenn fái sams konar viðbótarréttindi, er þó verði miðuð við aldur á þeim tíma, er þeir gerast aðilar að sjóðnum. Með tilliti til þess, að slíkt ákvæði, sem upphaflega gildi um togarasjómenn, var látið taka til farmanna, er þeir fengu aðild að sjóðnum, yrði það að teljast ósamræmi, ef annað yrði látið gilda um bátasjómenn. Erfitt mundi reynast að afla vitneskju um kostnað ríkissjóðs vegna þessarar breytingar, en nefndin telur afar ósennilegt, að um yrði að ræða meiri útgjöld vegna bátasjómannanna en samanlagt vegna togaranna og farmanna.

Enn fremur er í frumvarpinu bráðabirgðaákvæði um iðgjaldagreiðslur vegna bátasjómannanna árin 1970 og 1971 í samræmi við samkomulagið frá 11. febrúar, svo og um útreikning á réttindatíma þessi tvö ár.

Reykjavík, 25. nóvember 1969.

Guðjón Hansen. Einar Árnason. Jón Sigurðsson.
Tryggvi Helgason. Ingólfur Ingólfsson.

Þegar kjarasamningar útvegsmanna og bátasjómannanna voru gerðir 11. febr. s. l. og lögfestir 18. s. m., litu útvegsmenn svo á, að húið væri að jafna allan ágreining, sem reis milli þeirra vegna setningar laga nr. 79 30. desember 1968. Með tilvísun til þess sjáum við ekki ástæðu til annars en að undirrita nefndarálit þetta, þótt samningum hafi nú verið sagt upp.

Gunnar I. Hafsteinsson. Ingimar Einarsson.